


Nefndasvið Alþingis,  
sjávarútvegsnefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 17. nóvember 2003

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu, um aðskilnað veiða og vinnslu, 5. mál.

Með þessari þingsályktunartillögu er hreyft afar brýnu hagsmunamáli fyrir þá íslenska vélstjóra sem starfa á fiskiskipum. Eins og alkunna er þá hafa verið uppi deilur á milli sjómanna og útgerðaraðila um verðlagningu á sjávarafla um langa hríð. Deilur sem rekja má til þess að hagsmunir útgerðarinnar og sjómanna fara ekki saman í þeim tilfellum þegar viðkomandi útgerðaraðili er einnig fiskkaupandi og verkandi.

Með aðskilnaði veiða og vinnslu mundi deilum á milli útgerðar og sjómanna fækka verulega og verðlagning á sjávarafla færast að stærstum hluta til markaðanna. Að öllu þessu skoðuðu er það mat félagsins að hér sé hreyft brýnu hagsmunamáli fyrir fiskimenn sem nýtur fyllsta stuðnings Vélstjórafélags Íslands.

Virðingarfyllt,  
f.h. Vélstjórafélags Íslands  
  
-----  
Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!